

Númer: 37/2019

Dreifibréf til lífeyrissjóða

Reykjavík, 3. júlí 2019

Tilvísun: 2019010217

Efni: Umboð stjórnarmanna

Samkvæmt 5. tölul. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skulu samþykktir lífeyrissjóða kveða á um kjörtímabil stjórnarmanna og hvernig vali þeirra skuli háttað. Ekki er í framangreindu lagaákvæði kveðið frekar á um hvernig að tilnefningu eða kjöri skuli staðið eða hvort afturköllun sé heimil, eins og gert er með skýrum hætti t.d. í 64. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem fram kemur að sá sem kjörið hefur eða tilnefnt stjórnarmann geti vikið honum frá störfum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Eins og að framan greinir fer eftir ákvæðum í samþykktum lífeyrissjóða um val stjórnarmanna. Samþykktir lífeyrissjóða eru þó almennt hljóðar um hvort, og þá við hvaða aðstæður, er mögulegt að afturkalla umboð stjórnarmanna. Óskýrar samþykktir hvað þetta varðar gera ferli við val og mögulega afturköllun á umboði stjórnarmanna ógagnsætt.

Góðir stjórnarhættir eru mikilvægir í starfsemi lífeyrissjóða og er víða fjallað um þá, m.a. í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum, starfsreglum stjórna og stjórnarháttaryfirlýsingum margra lífeyrissjóða er starfa hér á landi.

Í ljósi fjölmiðlaumfjöllunar undanfarna daga, mismunandi aðferða lífeyrissjóða við val á stjórnarmönnum og til að koma í veg fyrir óvissu til framtíðar, beinir Fjármálaeftirlitið því til stjórna lífeyrissjóða að taka samþykktir sínar til skoðunar í þeim tilgangi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað. Að mati Fjármálaeftirlitsins er við skoðunina nauðsynlegt að taka mið af sjónarmiðum um góða stjórnarhætti og tryggja að sjálfstæði stjórna lífeyrissjóða verði ekki skert.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID



Rúnar Guðmundsson



Linda K. Björgvinsd.
Linda Kolbrún Björgvinsdóttir